

Ársskýrsla stjórnar Fjöruverðlaunanna – bókmenntaverðlauna kvenna á Íslandi 2018

Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna á Íslandi, héldu áfram að dafna á árinu.

Við fengum á árinu frábæra gjöf frá auglýsingastofunni Pipar/TBWA sem hannaði nýtt merki verðlaunanna sem hægt er að líma á tilnefndar bækur og verðlaunabækur. Vísar þetta nýja merki í hugmyndasögu verðlaunanna og byggir á hörpuskel, en nafni verðlaunanna ætlað að vísa til þeirrar hugmyndar að eftir jólabókafloðið komi fjaran þegar bókmenntaperlurnar glitra í sandinum, bækurnar sem eiga eftir að lifa með þjóðinni næstu áratugina. Erla Gerður Viðarsdóttir teiknaði nýja merki Fjöruverðlaunanna

Fjöruverðlaunin fengu veglega gjöf frá listakonunni Koggu á árinu, frá og með árinu 2018 mun hún styrkja verðlaunin með því að gefa vinnu sína og efniskostnað við gerð verðlaunagripa.

Landsbankinn veitti félaginu 500.000 kr. styrk til að setja upp þessa síðu og efla innviði verðlaunanna. Var þessi styrkur afar kærkominn, því enn hefur ekki tekist að afla opinberra fjárstyrkja frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Einnig hafa styrkbeiðnir til fyrirtækja um beinan fjárstyrk ekki borið árangur. Á komandi starfsári mun stjórn halda áfram að vinna að traustri fjármögnun verðlaunanna til frambúðar. Takmarkið er að komast á samstarfssamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Starfsárið 2017–2018

Aðalfundur Fjöruverðlaunanna var haldinn 20. september 2017. Úr stjórn véku Ingibjörg Valsdóttir og Lára Jónsdóttir. Þökkum við þeim vel unnin störf í þágu félagsins. Í stjórn voru kosnar Erla E. Völudóttir og Valgerður Þórsdóttir.

Áfram sitja í stjórn formaður Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir og meðstjórnendur Ásbjörg Una Björnsdóttir og Guðrún Birna Eiríksdóttir. Skoðunarmenn reikninga voru kosnir Halldóra Sigurdórsdóttir og Védís Skarphéðinsdóttir.

Auglýst var eftir bókum eftir konur að leggja fram til verðlaunanna fyrir 27. október 2017. Dómnefndir verðlaunanna voru fullskipaðar og höfðu sér til fulltingis verklagsreglur. Félag íslenskra bókaútgefenda sá við móttöku bóka frá útgefendum en stjórnarkonur deildu systurlega með sér keyrslu á bókum til dómnefnda.

Alls komu 82 bækur til greina til Fjöruverðlaunanna 2018, 31 bók í flokki barna- og unglingsbókmennta, 30 í flokki fagurbókmennta og 21 í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis. Á Borgarabókasafni 5. desember 2017 voru kynntar tilnefningar til verðlaunanna. Dómnefndir komu saman, lásu úrskurði sína og tilnefndu þrjár bækur hver í skemmtilegri veislu þar sem boðið var upp á léttar veitingar. Þessu voru gerð góð skil í öllum helstu fjölmiðlum og netmiðlum.

Þessar bækur og höfundar hlutu tilnefningu til Fjöruverðlaunanna 2018:

Í flokki fagurbókmennta

- *Flórída* eftir Bergþóru Snæbjörnsdóttur
- *Slitförin* eftir Fríðu Ísberg
- *Elín, ýmislegt* eftir Kristínu Eiríksdóttur, **sem hlaut verðlaunin**

Í flokki barna- og unglingsbókmennta

- *Lang-elstur í bekknum* eftir Bergrúnu Íris Sævarsdóttur
- *Gulbrandur Snati og nammisjúku njósnararnir* eftir Brynhildi Þórarinsdóttur
- *Vertu ósýnilegur, flóttasaga Ishmaels* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur, **sem hlaut verðlaunin**

Í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis

- *Íslenska lopapeysan: Uppruni, saga og hönnun* eftir Ásdísi Jóelsdóttur
- *Leitin að klaustrunum: Klausturhald á Íslandi í fimm aldir* eftir Steinunni Kristjánsdóttur
- *Undur Mývatns: Um fugla, flugur, fiska og fólk* eftir Unni Jökulsdóttur, **sem hlaut verðlaunin**

Reykjavíkurborg sem er ein af bókmenntaborgum UNESCO er sérlegur verndari verðlaunanna. Samstarfið er skilmálalaust en stjórn Fjöruverðlaunanna hefur ítrekað við borgina að þau vilji halda sjálfstæði og sjálfræði – eiga sig sjálf. Aðkoma Bókmenntaborgarinnar er að hún mun til framtíðar fjármagna og hýsa verðlaunaafhendinguna.

Fjöruverðlaunin 2018 voru afhent 15. janúar 2018 í húsakynnum borgarinnar í Höfða og um kvöldið bauð stjórnin dómnefndum í veislu í Gunnarshúsi.

Formaður stjórnar stýrði samkomunni, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Bókmenntarborgar UNESCO – Reykjavík ávarpaði gesti, og verðlaunahafar ársins 2017 veittu nýjum verðlaunahöfum verðlaun. Ragnheiður J. Jónsdóttir eiganda Hannesarholts, veitti í fjórða skipti aukaverðlaun, gistinætur í gömlu húsi á Kolkuósi í Skagafirði.

Stjórn og dómnefndir voru sammála um að athöfnin hefði gengið vel og fjölmiðlaumfjöllun var mikil. Dagskrá athafnarinnar er komin í fastar skorður, stutt og snörp, og athygli á verðlaunahafa. Boðsgestir voru um 65 talsins.

Verðlaunahafar árið 2018 fengu áletrað egg hannað af Koggu og blómvönd.

Dómnefndir unnu gott og óeigingjarnt starf og þökkum við þeim fyrir.

Í dómnefnd fagurbókmennta sátu Bergþóra Skarphéðinsdóttir, Guðrún Lára Pétursdóttir og Salka Guðmundsdóttir, í dómnefnd fræðibóka og rita almenns eðlis sátu Helga Haraldsdóttir, Sigurrós Erlingsdóttir og Þórunn Blöndal, og í dómnefnd barna- og unglingsbókmennta sátu Arnþrúður Einarsdóttir, Sigrún Birna Björnsdóttir og Þorbjörg Karlsdóttir.

Allt samstarf við dómnefndir, Félag íslenskra bókaútgefenda, Borgarbókasafn, Koggu, Hannesarholt, og Reykjavíkurborg gekk vel.